

og sett er fram stefna um Borgarlínu í bæjarkjarnann við Eiðstorg. Einnig kemur fram stefna um hjáleiðir fyrir strandstíginn þannig að hann myndi samfellu milli Seltjarnarness og Reykjavíkur.

Stefán Bergmann situr hjá við afgreiðslu nefndarinnar.

*Niðurstaða:*

*Svæðisskipulagsnefnd telur gott samræmi vera milli tillögu að aðalskipulagi Seltjarnarness og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og gerir ekki athugasemdir við tillöguna.*

- 5. Reykjavík, aðalskipulagsbreyting, Hraunbær-Bæjarháls / málsnr. 1612001**  
Verkefnislýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þar sem heimila á íbúðauppbýggingu á svæði sem nú er skilgreint sem opið svæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls.

Þetta opna svæði hefur ekki svæðisbundið mikilvægi samkvæmt þemakorti 7 í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins eða í fylgirit 8 Náttúra og útivist. Ánægjulegt er að sjá stefnu um að 25% íbúða verði á viðráðanlegu kjörum en slíkar áherslur eru í markmiði 5.1 í svæðisskipulaginu.

*Niðurstaða:*

*Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við verkefnislýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Svæðisskipulagsnefnd lýsir yfir ánægju með þá stefnu um að stór hluti íbúða verða á viðráðanlegum kjörum. Nefndin hvetur Reykjavíkurborg til hafa í huga bæði markmið svæðisskipulagsins undir leiðarljósi 5 – Gott nærumhverfi eykur gæði borgarbyggðar.*

- 6. Reykjavík, aðalskipulagsbreyting, heimildir um veitinga- og gististaði / málsnr. 1612002.**

Lýsing að skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Breytingu á stefnu aðalskipulags Reykjavíkur til samræmis um lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

*Niðurstaða:*

*Svæðisskipulagsnefnd telur að breytingin hafi ekkert svæðisbundið gildi og mun því ekki gera neinar athugasemdir við lýsinguna. Svæðisskipulagsnefnd óskar eftir því að Reykjavíkurborg kynni fyrirhugaðar skipulagsbreytingar fyrir fagráði svæðisskipulagsnefndar.*

- 7. Reykjavíkurborg, aðalskipulagsbreyting, stefna um íbúðabyggð / málsnr. 1611003**

Drög að tillögu breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030 skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Með breytingunni er annars vegar verið að lagfæra augljós mistök í framsetningu stefnu og hins vegar að skýra stefnu um uppbyggingu smáíbúða sem ekki kallar á breytingar á aðalskipulagi.

*Niðurstaða:*

*Að mati svæðisskipulagsnefndar hafa breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur varðandi stefnu um íbúðabyggð ekki svæðisbundið mikilvægi. Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við tillöguna.*